

Skipulagsnúmer Sveitarfélag Undirnúmer Dagsetning
5972 **3506** **46** **21.4.2004** **7.**
linur

48 APR. 2004



Landtagshönnun & skipulag

2004030033

Deiliskipulagsskilmálar

Golfvöllur

í landi Indriðastaða

í Skorradalshreppi

27.01.2004

Uppdr. Nr.

5972

Sveitarfélag

3506

Undirnúmer

46

Dagsetning

21.04.2004



EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----------|
| SAMÞYKKI SKIPULAGSRÁÐGJAFΑ OG HREPPSNEFDAR..... | 3 |
| SKIPULAGSSKILMÁLAR FYRIR GOLFVÖLL Í LANDI INDRIÐASTAÐA Í SKORRADAL | 3 |
| 1. SKIPULAGSSVÆÐI | 3 |
| 2. FYRIRLIGGJANDI SKIPULAG | 3 |
| 3. SKIPULAGSMARKMIÐ | 3 |
| 4. AÐKOMA OG BÍLASTÆÐI | 3 |
| 5. LÝSING Á GOLFVELLI | 3 |
| 6. FORNLEIFAR | 4 |
| 7. BYGGINGAR /ÞJÓNUSTA | 4 |
| 8. FRAMKVÆMDATÍMI | 4 |

Samþykki skipulagsráðgjafa og hreppsnefndar

Þessum skilmálum fylgir deiliskipulagsuppdráttur fyrir golfvöll í landi Indriðastaða í Skorradal dags. 27.01.2004.

Skipulagsráðgjafi

Guðlaug Erna Jónsdóttir
Guðlaug Erna Jónsdóttir arkitekt faí

Golfvöll hannaði Hannes Þorsteinsson golfvallarhönnuður á Akranesi í samráði við skipulagsráðgjafa

Deiliskipulag þetta hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið var samþykkt af hreppsnefnd Skorradalshrepps þann 27.1.2004



Skipulagsskilmálar fyrir golfvöll í landi Indriðastaða í Skorradal.

1. Skipulagssvæði

Deiliskipulagið tekur til 27.4 ha úr landi Indriðastaða í Skorradalshreppi.

2. Fyrirliggjandi skipulag

Í gildi er Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, samþykkt 1998 ásamt síðari breytingum. Þar er gert ráð fyrir að landnotkun Indriðastaða sé með þrennum hætti, þ.e. landbúnaður, frístundabyggð og skógrækt.

Verið er að vinna að aðalskipulagi fyrir Skorradalshrepp. Deiliskipulagið golfvallarins í Indriðastaðalandi er í samræmi við fyrirhugað aðalskipulag.

3. Skipulagsmarkmið

- Að auka við frístundamöguleika sumarhúsaeigenda í Skorradal og gesta á svæðinu.
- Að hönnun golfvallarins og framkvæmd taki mið af landslagi og því landi sem umlykur brautirnar sé sem minnst raskað.
- Að göngustígatengsl bæði innan vallar og að aðliggjandi frístundasvæðum séu góð og hindri ekki gönguferðir um svæðið.

4. Aökoma og bílastæði

Aökoma að skipulagssvæðinu/golfvellinum er frá sama vegi og að bænum Indriðastöðum. Gert er ráð fyrir 20 bílastæðum við úthús eins og sýnt er á deiliskipulagsuppdrætti. Bílastæði og aökoma er utan afmörkunar skipulagssvæðis.

5. Lýsing á golfvelli

Golfvöllurinn stendur í 70-100mrys.

Það land sem ætlað er undir golfvöllinn er ýmist gamalgróin tún, eldri tún að nokku farin í órækt, óræktað lækjargil og óræktaðir melar. Þannig eru brautir 1-3 að mestu leyti á grónum túnum, holuflaut 3. og 6. brautar og braut 4 eru í lækjargili, braut 5 að mestu á

eldra túni eða á óræktuðum mel, eins og braut 6 (utan holuflatar) og brautir 7 og 8, einnig að mestu braut 9, sem endar þó á ræktuðu túni við fyrrum útihús/núverandi golfskála.

Áhersla er lögð á að breyta ekki landslagi við ræktun og móttun vallarsvæðisins heldur einungis mykja skarpar sveiflur í landinu og halla þannig að aðkoma sláttuvéla sé auðveld. Nauðsynlegt er að breyta nokkrum náttúrulegum vatnsrásum, grafa upp og endurforma nokkra núverandi framræsluskurði, en allt með þeim hætti að það falli sem eðlilegast að núverandi landslagi. Sáð verður blöndu grastegunda í allt það svæði sem raskast vegna framkvændanna svo ekki ætti að verða umtalsverð ásýndarbreyting á svæðinu, enda er mestur huti þess grasi vaxinn fyrir, jafnt ræktaður hluti landsins sem óræktaður. Öll gróðursetning trjáa, runna og skjólbelta verður í samráði við Vesturlandsskóga.

Engin skipulagsskyld mannvirkjagerð er fyrirhuguð á svæðinu í tengslum við golfvöllinn, þ.e. húsbyggingar eða vegir. Einungis er um formun jarðvegs að ræða og í samræmi við núverandi náttúrufar svæðisins. Golfvöllurinn er miðlungslangur og hefur hefðbundna samsetningu golfbrauta, þ.e. 5 par-4 brautir (ca. 240-370m), 2 par-3 brautir (ca. 120-160m) og 2 par-5 brautir (ca. 440-490m) sem dreifast málulega, þ.e. partalan er í röð frá braut 1-9: 4-4-5-3-4-4-3-5-4, alls par 36.

Flatir eru miðlungssstórar, ca. 250-350m². Tveir upphafsteigar eru á hverri braut, fyrir karla og fyrir konur og unglings/börn. Ekki er gert ráð fyrir sandgryfjum á vellinum, en ef þær yrðu formaðar síðar verður lögð áhersla á að sandur í þeim falli að náttúru staðarins, þ.e. svartur sandur verði notaður.

Golfbrautir liggja þannig að 1. braut hefst rétt austan við golfskála og bílastæði og 9. braut endar rétt sunnan við. Gert er ráð fyrir æfingasvæði við völliinn þar sem sléttadur yrði stór æfingateigur. Aðrar framkvæmdir eru ónauðsynlegar á því svæði, aðeins grassláttur til formunar og viðhalds. Æfingaholuflót verði ræktuð upp nærrí æfingasvæðinu og áhersla lögð á náttúrulega formun hennar og umhverfis.

Gætt verður að því að fjarlægð leiklínu brautanna sem næst eru vallarjaðrinum verði hvergi of nærrí vegastæðum. Engin föst viðmið eru til í lögum eða reglugerðum um öryggismörk golfvalla, en farið verður eftir hefðbundnum alþjóðlegum vinnureglum golfvallaarkitekta. Opið svæði til afnota fyrir fristundalóðahafa og aðra gesti ferðaþjónustunnar á Indriðastöðum umlykur golfvöllinn að miklu leyti.

6. Fornleifar

Deiliskipulagssvæðið fyrir golfvöllunn var gengið og deiliskráð af Bjarna F. Einarssyni fornleifafræðingi í október 2003. Bjarni skoðaði svæði sem var mun stærra en deiliskipulagið sjálft. Engar fornminjar eru innan afmarkaðs deiliskipulagssvæðis. Sjá nánar í skýrslu hans: "Fornleifaskráning vegna deiliskipulags golfvallar í landi Indriðastaða í Skorradalshreppi, Borgarfjarðarsýslu" frá október 2003.

7. Byggingar /þjónusta

Engin skipulagsskyld mannvirkjagerð er fyrirhuguð innan afmörkunar deiliskipulagsins. Gert er ráð fyrir golfskála í fyrrum útihúsum þar sem nú er auk þess rekin hestaleiga og kaffihús en það er utan við afmörkun deiliskipulagsins.

8. Framkvæmdatími

Framkvæmdir hefjast við gildistöku deiliskipulagsins.